



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Miðvikudagur

30. desember 2009

51. tbl. · 26. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Ljósir í
boenum!



Sími: 456 6660



Femínistinn Matthildur er svolítið grimm stundum

Matthildur Helga- og Jónudóttir framkvæmdastjóri Snerpu á Ísafirði segir frá ferli sínum og persónulegum viðhorfum. Sjá viðtal í miðopnu.

Ljósir:
Ágúst G.
Atlason.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.



Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

Hátt í 50 nemendur útskrifaðir frá MÍ

Hátt í 50 nemendur voru brautskráðir frá Menntaskólanum á Ísafirði við formlega athöfn í Ísafjarðarkirkju föstudaginn 18. desember. Alls útskrifuðust 44 nemendur með náms- eða starfsréttindi. Átján útskrifuðust sem vélaverðir smáskipa. Úr A námi vélstjórnar útskrifuðust fimm nemendur. Átta útskrifuðust með sveinspróf í húsasmíði þar af tveir með viðbótarnám til stúdentsprófs. Þá voru brautskráðir þrír nemendur af námsbraut í samfélagstúlkun og er það annar hópurinn sem lýkur því námi en þeir hófu nám sitt við Menntaskólann á Ísafirði haustið 2008.

Markmið námsins eru meðal annars að nemendur geri sér grein fyrir helstu vandkvæðum í túlkun á milli mismunandi tungumála og menningarsvæða og að nemendur þekki innviði íslensks samfélags auk helstu stofnanna og hlutverks þeirra. Ellefu luku stúdentsprófi: Fimm af félagsfræðabraut, tveir af náttúrufræðibraut og fjórir með viðbótarnám af iðnnámsbrautum. Um kvöldið var slegið upp árlegri útskriftarveislu í sal heimavistar Menntaskólans á Ísafirði fyrir útskriftarnema, fjölskyldur þeirra og starfsmenn skólans.

– *thelma@bb.is*



44 nemar útskrifuðust frá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir jól.

Yfir 100 manns fluttu frá útlöndum til Vestfjarða



Fleiri fluttu til Vestfjarða frá útlöndum en af landi brott á fyrstu níu mánuðum ársins. Rúmlega hundrað manns fluttu frá Vestfjörðum til útlanda frá janúar til september. Flestir fluttu frá Ísafjarðarbæ eða 67 manns. Því næst kom Bolungarvík þar sem 22 fluttu af landi brott. Þá fluttu 116 manns til Vestfjarða frá öðrum

löndum. Flestir þeirra fluttu til Ísafjarðarbæjar eða 48, en 31 flutti erlendis frá til Tálknafjarðar. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Allt að 79% íslenskra ríkisborgara sem flytja búferlum til útlanda snúa aftur til Íslands eftir að meðaltali 2,4 ára dvöl. Erlendir ríkisborgarar sem fara af

landi brott snúa til baka í minna mæli, eins og við má búast, en 17% þeirra hafa þó snúið til baka eftir innan við ársdvöl erlendis. Þetta kemur fram í nýju hefti Hagtiðinda þar sem gerð er grein fyrir endurkomum þeirra sem hafa flust til útlanda á tímabilinu 1986–2008.

Tvö hundruð erlendir ríkis-

borgarar fluttu til Vestfjarða á síðasta ári. Er það mesti fjöldi í tíu ár en árið 1998 fluttu 246 erlendir ríkisborgarar til fjórðungsins. Þá fluttu 60 erlendir ríkisborgarar frá landshlutanum á árinu. Nítján Íslendingar fluttu til Vestfjarða í fyrra en 34 fluttu þaðan. Þess má geta að um 550 erlendir ríkisborgarar voru bú-

settir í fjórðungnum í upphafi síðasta árs.

Vestfirðir voru með jákvæðan flutningsjöfnuð á fyrsta ársfjórðungi 2009 en aðfluttir umfram brottflutta voru 35 manns. Var það í fyrsta sinn í 20 ár sem flutningsjöfnuðurinn var ekki neikvæður í landshlutanum.

– *thelma@bb.is*

Sorphirða boðin út í Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að farið verði í útboð á sorphirðu, sorpflokkun og sorpeyðingu í Ísafjarðarbæ. Bæjarráði er falið að láta vinna útboðsgögn og bjóða nágranna-sveitarfélögum þátttöku í útboðinu. Skilyrði verði samkvæmt útboðinu að heimilt verði að samþykkja hvaða tilboð sem er eða hafna þeim öllum. Lagðar hafa verið fram áætlanir um kostnað við framtíðarfyrirkomulag í sorpmálum. Þar ber töluvert í milli aðferða í útreikningum, annars vegar við aukna flokkun og bruna og hins vegar við aukna flokkun, endurvinnslu og urðun.

Með útboði vill bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fá endanlegan úrskurð um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu og tryggja að

hagkvæmasta leiðin fyrir íbúa og fyrirtæki bæjarins verði farin. Tillaga um að farið verði í útboð á sorphirðu, sorpflokkun og sorpeyðingu í Ísafjarðarbæ var samþykkt með fimm atkvæðum gegn einu.

Jóna Benediktsdóttir lagði fram svohljóðandi tillögu Í-lista: „Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að vinna eftir tillögu starfshóps um endurskoðun sorpmála í Ísafjarðarbæ. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast væri, til lengri tíma litið, að endurbyggja Funa. Þessa niðurstöðu staðfesti Verkfræðistofan Verkís, eftir að hafa framkvæmt úttekt á möguleikum á sorpmálum Ísafjarðarbæjar, að beiðni bæjarstjórnar.“ Bæjarstjórn felldi tillöguna með fimm



Tillaga Í-listans um endurbyggingu Funa var felld.

atkvæðum gegn fjórum.

Svanlaug Guðnadóttir sem er formaður starfshóps um framtíðarfyirkomulag sorpmála í sveitarfélaginu gerði grein fyrir atkvæði sínu með svohljóðandi

bókun: „Með hagsmuni íbúa Ísafjarðarbæjar í huga telur undirrituð rétt að fara í útboð á sorpeyðingu og sorphirðu. Fram hafa komið ýmsar efasemdir um þær forsendur, sem lagðar eru til

grundvallar í skýrslu starfshópsins. Tel ég að með tillögu þessari séum við að taka af allan vafa um hvaða leið er hagkvæmust fyrir íbúa og atvinnulíf sveitarfélagsins.“

– *thelma@bb.is*



VÉLASALAN



Til þjónustu reiðubúin



VÉLASALAN

Vélasalan | Klettagörðum 25 S: 520 0000 | www.velasalan.is | velasalan@velasalan.is



Nýr fagstjóri

Dagný Arnarsdóttir hefur verið ráðin fagstjóri haf- og strandsvæðanáms hjá Háskólasetri Vestfjarða í fæðingarorlofi Sigríðar Ólafsdóttur. Dagný hefur lokið meistaraþráðu í umhverfis- og auðlindastjórnun frá Háskóla Íslands eftir BA próf í fornleifafræði. Dagný er Vestmannaeyingur að uppruna og segist allt að því hafa verið alin upp á bryggjunni í Vestmannaeyjum. Hún segir flutningana leggjast vel í sig og að hún hlakki til að takast á við verkefnið.

„Mér list mjög vel á bæði bæinn og starfið og ekki síst alla starfsemina sem er í húsinu sem Háskólasetrið er í. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að þetta væri svona stórt og mikil starfsemi undir einu þaki. Bærinn er líka öflugri en ég hafði haldið. Maður finnur svo greinilega að þetta er höfuðstaður fjórðungsins.“



Arnór ráðinn umdæmisstjóri

Arnór Magnússon hefur verið ráðinn umdæmisstjóri Flugstoða á Vestfjörðum frá og með 1. janúar 2010. Arnór starfaði hjá Flugstöðum frá 1984 til 2007 og vann þá í flugturninum. Síðastliðið sumar kom hann svo inn í afleysingar og er nú orðinn umdæmisstjóri.

Hann segir nýja stafið leggjast vel í sig, enda sé hann á heimavelli, þótt hann hafi ekki verið þarna megin við borðið áður. Hermann Halldórsson var settur umdæmisstjóri síðastliðið vor þegar Guðbjörn Charlesson lét af störfum, en hann hefur nú horfið til annarra starfa.

Afdrifarikasta ákvörðun lífs þíns?

Að þora að fara í sambúð með Hollendingi sem ég hafði umgengist lauslega í tvær vikur. Síðan leið hálft ár, þá kom hann með flugvél til Íslands og ég mundi varla hvernig hann leit út. Hann flutti inn til mín og hefur ekki farið síðan.

Hvar langar þig helst að búa?

Núna bý ég í Bolungarvík, en mig langar að búa aftur erlendis. Ég vil þó gjarnan ljúka æviskeiðinu á heimaslóð ef ég mun fá að eldast og hafa um það eitthvað val.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Fæðing fyrsta barnsins og svo barnanna koll af kolli. Það að fá að upplifa að eignast fimm heilbrigð börn sem öll eru að dafna svo ljómandi vel er ein allsherjar hamingjuruna!

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Fyrst kemur upp í hugann bæjarstjórnarslitin fyrir tveimur árum.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Að átta mig á hve manneskjan getur í eðli sínu verið breysk.

Uppáhaldslagið?

Úff – erfitt. Ég segi núna af því það er þessi árstími „Panis angelicus“ eftir César Franck ef ég man rétt.

Uppáhaldskvikmyndin?

Stella í orlofi og Grease.

Uppáhaldsbókin?

Núna – Viltu vinna milljarð. Tengir það við það sem ég er að segja nemendum mínum, - það borgar sig að vera athugull, eftirtektarsamur og lærdómsfús í lífi sínu almennt. Það getur komið sér vel síðar!

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Ferð til Danmerkur og áfram rútuferð suður Evrópu til Gardavatnsá Ítalíu með Ingu systur minni sem þá var 16 ára og Oddnýju æskuvinkomu okkar sem þá var 17 ára en sjálf var ég fimmtán ára. Þá upplifðum við þrumur og eldingar í fyrsta sinn, saum hoppandi engisprettur og ókunnugt fólk elskast í

Inn að beini

Soffía Vagnsdóttir er skólastjóri í Grunnskóla Bolungarvíkur en hún er einnig bæjarfulltrúi í Bolungarvík. Henni er margt til lista lagt og hefur m.a. skrifað leikrit og er frumkvöðull Ástarvíkunnar margrómuðu í Bolungarvík. Þegar Soffía var innt eftir svörum inn að beini kom í ljós að henni líkar að skipta um starf á fimm ára fresti eða svo.

gegnum hótellherbergisglugga!

Uppáhaldsborgin?

Hef ekki mikið ferðast, en segi Tallin.

Besta gjöfin?

Það er gamall vindlakassi sem einn sona minna sendi mér þegar ég var á spítala í Reykjavík. Í kassanum eru nokkrar steinvölur, brotinn vaxlitur, eldspýtustokkur með mata-dorpeningi og miði sem stendur: „Elsku mamma ég vona að þú hafir áhuga á þessu“. Ég á reyndar margar og einstakar svona gjafir frá öllum börnunum mínum.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Ég hef ekki séð það, eða fengið staðfestingu á því en ég get ekki neitað því. Við vitum svo lítið mannlúsirnar um alheiminn.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Símans, tölvunnar og aðgengis að tónlist í einhverju formi.

Fyrsta starfið?

Fyrsta alvörustarfið var launafulltrúastarf hjá Einari Guðfinnssyni hf., þar sem ég reiknaði út laun fyrir nærri 500 manns og bar peningana svo í taupoka frá bankanum á skrifstofuna. Taldi þá svo í umslög og rölti með umslögin í rólegheitum í trékassa sem ég bar undir arminum út í frystihús til að borga út. Þá var ég 17 ára.

Draumastarfið?

Mér líkar að skipta um starf á fimm ára fresti eða svo.

Næsta draumastarf – rithöfundur eða málari.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Kannski helst söngkonuna Cher, líklega út af nefinu!

En ég held nú reyndar að hún hafi látið laga á sé nefið.

Sú þörf proskaðist af mér.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Hesteyri í Jökulfjörðum.

Sköndnasta upplifun þín?

Þegar ég var flettari í ameríska sendiráðinu í Reykjavík fyrir hollenskan jazzpíanóleikara. Hann var með kæk sem var þannig að hann var alltaf með höfuðið á flegjiferð. Sérstakur höfuðhnykkur átti svo að þýða flett, en maðurinn



Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri

var bara alltaf að kasta til höfðinu svo ég fletti alltaf á vitlausum stað. Eftir að hann hafði lokið fyrsta verkinu, hneigði hann sig strunsaði út og ég á eftir, - sótti þar konuna sína sem var þá með í för og hafði jafnan flett fyrir hann. Hún þekkti hann betur en ég!

Aðaláhugamálið?

Bolungarvík og framtíð hennar.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Ég veit það ekki – svei mér þá. Ber ekkert skynbragð á hvað er best, en vafra á margar ótrúlega áhugaverðar og upplýsandi vefsíður. Var t.d. á dögnum á ferðalagi um Madeira, - á alþjóðlegri heimasíðu kvenna í viðskiptum.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Söngkona eða hárgreiðslukona.

Hver er þinn helstí kostur að þínu mati?

Glaðlyndi og jákvæðni.

En helstí löstur?

Fljótfærni og skortur á rýmisgreind svo eitthvað sé nefnt.

Besta farartækið?

Bíllinn.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Sjómannadagurinn hefur alltaf haft þann sess í mínum huga.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Elsku mömmu, minnar Birnu Hjaltalín Pálsdóttur og Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Líklega bara Sólbjört Kát Vagnsdóttir, en það er ekki víst að mannanaftanefnd myndi samþykkja það.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Á kvöldin og fyrripart nætur.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Ég er sporðdreki.

Lífsmottólið þitt?

Betra er að vakna á morgnana en að breiða sængina upp fyrir haus! Eða - kæfðu úr kærleik og þú munt uppskera ríkulega! Bæði heimatilbúin!



Áramótatilboð
á nautakjöti úr
kjötborði

**Samkaup Úrval óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári**



Samkaup *úrval*

Ísafirði

Góð afkoma hjá Bolungarvík þrátt fyrir lækkun útsvars

Bæjarstjórn Bolungarvíkur vísaði fjárhagsáætlun ársins 2010 til síðari umræðu á fundi sínum fyrir júl. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur A- hluta verði 542 milljónir króna en heildartekjur A- og B-hluta verði 643 milljónir auk 73 milljóna króna óvenjulegra tekna. Gert er ráð fyrir að A-hluti bæjarsjóðs skili 52 milljóna hagnaði, en þar af eru 14 milljónir vegna sérstaks álags á útsvar. Ennfremur er gert ráð fyrir að rekstur samstæðunnar A- og B-hluta skili 108 milljóna króna hagnaði, en hagnaður í félagslega íbúðakerfinu, sem er B-hluta fyrirtæki skýrist að mestu af niðurfellingu lána hjá Íbúðalánasjóði að fjárhæð 73 milljónir króna. Því er reiknað með að sveitarfélagið verði orðið sjálfbært á árinu 2010 eins og fyrri áætlanir og samningur við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerðu ráð fyrir. Ekkert álag verður því á útsvar frá og með árinu 2011.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir mun minni skatttekjum en stefnir í árið 2009 og er munurinn ríflega 50 milljónir til lækkunar. Þá er gert ráð fyrir minni tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nema 12 milljónum króna.



Bolungarvík.

Veltufé frá rekstri er áætlað 126 milljónir eða 20% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir niðurgreiðslu skammtíma- og langtímalána að upphæð 221 milljónir króna og fjárfestingu sem nema 66 milljónum en tekin verði ný lán upp á 80 milljónir. Heildarskuldir samstæðunnar að frádregnum

veltufjármunum og langtíma kröfum eru áætlaðar 760 milljónir í árslok 2010 og lækka um 73 milljónir á árinu þrátt fyrir 66 milljóna króna fjárfestingu. Þannig hækkar eigið fé um 108 milljónir.

Með þeim hagræðingaraðgerðum sem ráðist var í á árinu

2009 hefur tekist að varðveita grunnþjónustu sveitarfélagsins. Áfram verður unnið að hagræðingu og má þar nefna sérstaklega þær aðgerðir sem eru til skoðunar varðandi sorpmál og slökkviliðið.

„Þótt reynst hafi nauðsynlegt að hægja á í útgjaldafrekustu

framkvæmdinni á vegum sveitarfélagsins, þá verður henni haldið áfram á næsta ári þótt ekki sé fyrir séð að hún klárast á árinu. Sveitarfélagið á því að vera vel í stakk búíð til að standa við skuldbindingar sínar og veita íbúunum áfram góða þjónustu,“ segir í stefnuræðu bæjarstjóra.

Spurningin

Eyðir þú minni fjármunum í flugeldakaup í ár?

**Alls svöruðu 484.
Já sögðu 339 eða 70%
Nei sögðu 145 eða 30%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

**Fyrsta tölu-
blað á nýju
ári kemur út
fimmtudaginn
7. janúar.**

**Gleðilegt ár
með þökk fyrir
samskiptin á
árinu sem er
að líða!**

Ritstjórnargrein

„Nú genginn er sérhver þess gleði og þraut“

Árið sem nú kveður verður Íslendingum minnisstætt fyrir margra hluta sakir. Ef til vill ekki hvað sist fyrir sundurlyndisfjandann sem herjaði á þjóðina eins og hver önnur plága og fáum eirði. Söttkveikjan: bankahrun, fjárhagsleg kollsteypa samfélags meðal efnuðustu þjóða heims; ríkidæmi sem glataðist í pókerspili þar sem æra íslensku þjóðarinnar var lögð að veði.

Svartnættinu sem hrun spilaborgarinnar olli verður vart með orðum lýst. Sama til hvers horft er. Og svo brugðust krosstré sem önnur tré. Alþingi, sem afdráttarlaust átti að vera sameiningartákn þjóðarinnar á örlagastundu, varðaði í þess stað veginn með rifrildi í stað rökræðna, sem vænta mátti að leitt hefðu til samstöðu um úrlausn mála. Fjölmíðlar slóu taktinn daginn út og inn. Bölmóðurinn allsráðandi. Smáaletrið dugði góðum fréttum.

Vantraustið jókst með hverri vikunni sem leið. Daglega nýjar fréttir af misferli, svikum og prettum. Ætlar þetta aldrei að taka enda? Jafnvel nú, þegar komið er undir lok árs, berast fréttir um meint gjaldeyrissvik sem Seðlabankinn sé með til athugunar og sögð eru jafngilda um 93% af útflutningi þorsks fyrstu níu mánuði ársins! Ætlar okkur aldrei að láta segjast?

Hverra kosta eigum við þegar nýju ári er fagnað? Almennigur er tortrygginn, spyr um ábyrgð og krefst réttlætis. Heiðarleiki var krafa

þjóðfundarins. Eitt skal yfir alla ganga, menn standi ábyrgðir gjörða sinna, ekki bara búðarhnuplarinn. Réttmæt krafa. Hafi einhverjir brotið gegn lögum í aðdraganda bankahrunsins verðum við að treysta að fólkið sem vinnur að rannsókn mála og dómstólar, komi til þeirra kasta, risi undir ábyrgð. Með lögum skal land byggja. Þótt sáringin risti djúpt og biðin eftir niðurstöðu kunni að þykja löng eigum við ekki annarra kosta vól en að treysta að réttlætið sigri að lokum. Á meðan verðum við að halda áttum. Okkar bíður það mikilvæga verk að byggja nýja Ísland, að tryggja að sagan endurtaki sig ekki.

„Hvað boðar nýárs blessuð sól?“ spurði klerkurinn og þjóðskáldið frá Skógum í Þorskafríði. Bjargföst trú hans var að í hendi Hans sem yfir öllu vakir væri „allt vort stríð, - hið minnsta happ, hið mesta fár, - hið mikla djúp, hið litla tár. “ Látum ekki vandamál liðandi árs byrgja okkur sólarvörn á nýju ári.

Bæjarins besta óskar landsmönnum öllum friðar og farsældar á komandi ári og þakkar lesendum og velunnurum nær og fjær og viðskiptavinum samfylgdina í aldarfjórðung.

s.h.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Friðrika Benónýsdóttir, símar 456 4560 og 697 8618, fridrika@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

ÁRAMÓTATILBOÐ



Panasonic

Panasonic TXP42C10Y

42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

TILBOÐ **179.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



Panasonic TXL32C10Y

32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Vreal 4, IPS Alpha, 24p, 40.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ **134.990**

FULLT VERÐ kr. 169.990



Panasonic TXP37C10Y

37" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ **174.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



Panasonic TXP42S10

42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereo V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ **249.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990



Panasonic TXP42G10

42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p, x.v Colour, dýnamísk Infinite Black 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

TILBOÐ **299.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990



Panasonic TXP46GA11

46" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x 1080p uppl., Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ **349.990**

FULLT VERÐ kr. 449.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



Gott að læra strax að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér

– spjallað við Matthildi Helga- og Jónudóttur framkvæmdastjóra frá Alviðru í Dýrafirði

Matthildur Helga- og Jónudóttir hefur í liðlega áratug verið framkvæmdastjóri netþjónustunnar Snerpu á Ísafirði eða tvo þriðju hluta af starfsævi fyrirtækisins. Hún er sveitastúlka að uppruna, alin upp í Alviðru í Dýrafirði langt fram á unglingsár og kann að meta það sem sveitalífið hafði og hefur að bjóða. Matthildur lauk á sínum tíma stúdentsprófi syðra og var um tíma í Þýskalandi og hugði á nám í kvikmyndagerð. Hún undi sér hins vegar ekki vel þar í landi og kom aftur og settist að á Ísafirði, í grennd við æskuslóðirnar.

Lengst af var hún einfaldlega þekkt sem Matthildur Helga-dóttir. Nú síðari árin ber hún hins vegar í þjóðskrá nafnið Matthildur Á. Helgadóttir. Jónudóttir (ekki meira pláss þar fyrir fulla skráningu sem væri Matthildur Ágústa Helgadóttir Jónudóttir) en skrifar sig jafnan Matthildi Helga- og Jónudóttur. Beint liggur við að spyrja hvernig á því standi að hún skráir sig með þessum hætti.

„Það hefur verið leyfilegt í nokkur ár að kenna sig við hvort heldur föður eða móður eða þau bæði. Þetta er kannski ekki mikið notað og einmitt þess vegna fannst mér það athyglisvert. Sumarið þegar ég tók þetta upp varð móðir mín sjötug. Mér fannst þetta tilhlýðileg gjöf til móður sem átti allt nema helst börnin sín vegna þess að þau voru öll kennd við föðurinn. Svo fannst mér þetta líka dálítið flott!“

– Þú ert fædd í byrjun janúar. Ertu stefnuðust og ákveðin eins og sagt er að steingeitur séu?

„Ég neita því ekki að það er örugglega til í mér. En svo er þar auðvitað margt annað líka. Ég kann nú ekki mikið í þessum fræðum en ég get verið óttalegur galgopi líka. Ég fæ margar hugmyndir og byrja á sumum þeirra en klára þær ekkert allar. Það er sérstaklega gott í vinnu að nota þessa staðfestu en svo er líka gott að vera máturela laus í rásinni og njóta lífsins.“

Sólarmegin í Dýrafirði

Matthildur er dóttir hjónanna Jónu Bjarkar Kristjánsdóttur og Helga Árnasonar, búenda í Alviðru í Dýrafirði.

„Sólarmegin í Dýrafirði, eins

og ég segi stundum. Ég fæddist í sjúkraskýlinu á Þingeyri 4. janúar 1965 en nokkrum dögum seinna var ég komin heim í Alviðru. Þar átti ég heima alveg fram á unglingsár þegar ég varð að fara að heiman í skóla. Framan af var ég reyndar í skóla á Núpi og þá gat maður bara labbað á milli því að þetta er aðeins steinsnar frá.

Á Núpi komu saman saklausu sveitabörnin og óþekku vandrægernir að sunnan. Úr varð skemmtilegur bræðingur og þessir hópar lærðu sitthvað hvor af öðrum. Það var líka oft að foreldrar mínir tækju að sér og hýstu þá nemendur sem ekki gátu farið eftir reglum skólans og voru reknir en gátu af ýmsum ástæðum ekki farið heim. Þetta var eins konar þegnskylduvinna þeirra og þeim bæði ljúft og skylt. Aldrei kom til tals að þau fengju neina greiðslu fyrir. En svona var nú tíðarandinn, þegar einhver var í vandræðum, þá var hann einfaldlega hýstur.

Við erum fimm systkinin sem ólumst upp heima í Alviðru og ég er í miðjunni. Svo voru líka alltaf einhverjir krakkar í sveit heima á sumrin. Amma bjó þarna líka en ég man lítið eftir afa mínum sem dó þegar ég var mjög ung.

Við vorum látin vinna eins og krakkar í sveitum. Okkur þótti það nú ekkert mjög skemmtilegt en höfðum bara gott af því. Annars var lífið ljúft. Ég lærði það strax í æsku að það þarf að koma hlutunum í verk því að þeir gerast ekki af sjálfu sér. Það er gott að vita það alveg frá fyrstu tíð.

Sveitabýli er fjölskyldufyrirtæki og það er mikil gæfa að vera alin upp í slíku umhverfi. Að ég tali nú ekki um öll dýrin og fjöllin og fjöruna. Þetta eru forréttindi, finnst mér, þó að ég hafi kannski ekki alltaf átt úr mjög mörgum leikfélögum að velja. Í sveitinni lærir maður kannski frekar en annars staðar það sem reynist mörgum erfitt, en það er að vera einn með sjálfum sér og kunna að meta það. Fara bara upp í fjall og setjast á stein og hugsa sitt eins og allir þurfa að gera.“

Elti strák til Reykjavíkur

– Hvert förstu í skóla þegar

Núppsskóla lauk?

„Þá lá beinast við að ég færi í Menntaskólann á Ísafirði. Ég fór þar í fyrsta og annan bekk en svo elti ég nú strák til Reykjavíkur og hélt áfram og kláraði Menntaskólann við Sund. Svo lufsaðist ég eitthvað áfram í skóla. Þegar ég var liðlega tvítug fór ég til Þýskalands og var þar í ár. Ég ætlaði mér að læra þýskuna fyrst en fara svo í kvikmyndanam og verða heimsfrægur leikstjóri eða kvikmyndatökumaður! En mér likaði ekkert allt of vel við Þýskaland og fann að ég myndi aldrei halda út að vera þar fjögur ár í námi.

Fyrir ekki svo mörgum árum ákvað ég að skella mér í fjarnám í Háskólanum á Akureyri og ætlaði að ljúka viðskiptafræði en áhuginn dvínaði og ég lauk því aldrei, fannst líklega frítíminn of dýrmætur. Galgopinn hefur líklega haft hina staðföstu undir í námsferlinum, en hver veit hvað morgundagurinn færir okkur og ég næ mér kannski á endanum í einhverja gráðu. Það eru nú allir með einhverja gráðu í dag og ég segist vera með BS.D. og þar stendur D fyrir droppát.“

Landsbankinn og Ísafjarðarbær

– Starfsferillinn í stórum dráttum.

„Þegar ég kom heim frá Þýskalandi átti ég náttúrlega ekki aur. Þá kom ég aðeins vestur að heim-sækja fjölskylduna og Vestfirðirnir toguðu alltaf í mig en annars hafði ég hugsað mér að flytja austur á firði. Það hljómar kannski undarlega en ég hafði aldrei komið til Austfjarða og þess vegna langaði mig að prófa að flytja þangað. Það hefði verið lítið mál á móti því að flytja til Þýskalands.

En það varð aldrei úr því. Ég fór í Landsbankann á Ísafirði að taka út síðustu krónurnar mínar og heyrði þá að þar var verið að tala um að það vantaði starfmann. Ég hafði einmitt unnið sumarvinnu í Landsbankanum í Reykjavík svo að ég munstraði mig í bankann á Ísafirði og var þar í nokkur ár og er bara ekkert farin austur ennþá. Hvort ég flyt nokkurn tímann veit ég ekki. Ég hef

auðvitað komið þar sem ferðamaður síðan.

Þegar ég hætti í Landsbankanum fór ég að vinna hjá Ísafjarðarbæ sem aðstoðarfjármálastjóri. Þrátt fyrir fint starfsheiti ég aðallega bara rukkari. Svo fór ég að eiga börn og það slitur nú svolítið í sundur hjá manni vinnutímann og starfsferilinn. Þá var ég um tíma hjá Hafsteini Vilhjálmssyni og svo fór ég í Snerpu fyrir rúmum 10 árum.“

Sótti ekki um starfið hjá Snerpu

– Þú tókst strax við starfi framkvæmdastjóra hjá Snerpu.

„Já, mér var boðið það starf. Þeir voru eitthvað búnir að vera að auglýsa en mér datt nú ekki í hug að sækja um. Svo var það Fylkir heitinn Ágústsson sem kom þessu til leiðar. Við höfðum unnið dálítið saman þegar ég var hjá Hafsteini. Ég varð reyndar frekar undrandi. Þó svo að ég þekkti bókhalð og slíkt mætavel, þá fannst mér ég nú kannski ekki alveg tilbúin að fara að stjórna fyrirtæki.“

– Og nú er kominn fullur áratugur.

„Já, það eru komin yfir 10 ár því fyrirtækið gengur ágætlega. Fylkir hefur haft eitthvað til síns máls. Ég hef nú stundum sagt í gríni, vegna þess að ég get verið svolítið ráðrík, að starfshamingja mín aukist í réttu hlutfalli við völd mín og mér hugnast ágætlega að vera við stjórnvölinn.

Það er svolítið sérstakt að reka tæknifyrirtæki eins og Snerpu úti á landi. Þó að ég sé ekki mjög flokkspólítísk, þá þarf ég að gefa mér tíma í alls konar pólitískt pot og lobbyisma til þess að berjast fyrir bættum aðstæðum og að sá grunnur sem nauðsynlegur er fyrir öll fyrirtæki sé til staðar. Í mörg ár hef ég barist fyrir bættu ljósleiðarasambandi á Vestfjörðum og að svokallaðri ljósleiðarahringtengingu verði komið á til að auka öryggi í gagnaflutningi.

Segja má að þetta sé hluti af því að eiga hér heima, en því miður búum við á Vestfjörðum við lakara vegakerfi en nokkur annar landshluti og rafmagn fer mörgum sinnum oftar af hér en annars staðar á landinu. Ég er einmitt að vinna í nefnd um

afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og það er ljóst að núverandi ástand er óviðunandi með öllu. Annað hvort þarf að virkja á Vestfjörðum eða byggja upp tvöfalda tengingu inn í fjórðunginn.

Það er mikilvægt að við sofnum ekki á verðinum og látum bjóða okkur að vera annars flokks þegnar á Íslandi. Við eigum ekki að kalla það ölmusu eða aðstoð, við viljum einfaldlega að skattpeningar okkar séu notaðir til uppbyggingar á Vestfjörðum. Í gegnum tíðina hafa mikil verðmæti skapast hér á Vestfjörðum og við eigum vel inni fyrir myndarlegri uppbyggingu. Málunum hefur verið frestað of lengi, mikið hefur verið talað en nú er komið að því að fara að vinna.“

– Kaffihúsið Langi Mangi við Aðalstræti á Ísafirði kemur við sögu hjá ykkur hjónunum. „Já, ég skautaði nú yfir það áðan, að maðurinn minn var ástæðan fyrir því að ég settist að til frambúðar hérna fyrir vestan. Ég kynntist Gumma Hjalta þegar ég var að vinna hérna í bankanum. Ég ætlaði bara að vera örstutt. Það var hann sem hélt í mig hérna.

Við opnuðum síðan byggingavörðunarlunina Gvend á Eyrinni, sem reyndar fór ekki nógu vel. Ég var í sjálfu sér ekkert mikið í þessu fyrirtæki því að á þeim tíma áttum við litil börn og ég var að vinna hjá Hafsteini, þannig að Gummi var að mestu aleinn í því basli.

Svo kaupum við Langa Manga árið 2005 og vorum hálfpartinn norrúð út í það eins og gengur. Við ákváðum síðan seinnipart sumars 2008 að loka honum en þá var Gummi veikur og líka var óvissa með framhaldið á rekstrinum. Við reyndum að selja en það þorði enginn að kaupa.

Þó að þessi fyrirtækjarekstur okkar hafi ekki gengið allt of vel, þá hefur þetta gefið manni heilmikla reynslu. Flest í kringum Langa Manga var líka óskaplega skemmtilegt. Að visu fyrir utan þennan óskiljanlega ofsa í einum nágranna!“

Tók það nærri sér að skulda

„Maður kynntist svo mörgu fólki og þetta var svo mikið ævin-

týri. Það má ekki alltaf setja peningamælikvarðann á allt sem maður gerir. Það skemmtilegasta og innihaldsríkasta sem maður gerir er oft það sem kostar fyrirhöfn eða förnir. Sá sem þorir ekki að láta vaða lendir aldrei í ævintýrum. Allir hafa gott af því að lenda stundum í háska. Að lenda í svolitlum peningavandræðum – auðvitað á ekki að segja svona í miðri kreppu – gerir manni gott líka. Þegar fólk er farið að sjá upp úr svartnættinu, þá finnur það hvað það hefur lært mikið. Þú ert ekki innistæðan á reikningnum þínum, þú ert ekki skuldin. Þú ert ekki endilega verri manneskja þó að þér hafi ekki tekist að láta eitthvert fyrirtæki blómstra. Þú ert að reyna að gera þitt besta.

En þegar ég lenti í þessum málum, þá hugsaði ég ekki svona. Ég tók það óskaplega nærri mér að skulda. Mér fannst það alveg rosalegt. Nánast glæpsamlegt. En svo rann það upp fyrir mér að það er ekki svo. Ég hef það stundum á tilfinningunni þegar ég hlusta á umræðuna um Icesave og kreppuna, að þeir sem garga hvað hæst um kjörin sem Íslandi bjóðast og meðferðina á okkur, að þetta er fólk sem hefur aldrei verið í þeirri aðstöðu að þurfa að skriða í bankann sinn. Ekki vitandi hvort það að sé nokkur leið út úr vandanum, og ef hún er til, þá er hún alltaf á verstu hugsanlegu kjörum.

Við þannig aðstæður verður bara að taka því sem að manni er rétt. Sá sem er litill og á í vandræðum er ekki að semja á jafnréttisgrundvelli við þann stóra. Það eru sömu lögmálin í gangi í svona krisum á milli landa og þegar einstaklingur lendir í fjárhagsvandræðum.“

Jafnréttismálin eru rauði þráðurinn

– Feministinn Matthildur ... „Hún er svolítið grimm stundum. Ég held að ég hafi bara alltaf verið feministi. Í sveitinni var náttúrliga frekar hefðbundin verkaskipting milli kynja. Jóna Björk móðir mín er reyndar ein af þeim konum sem hafa verið ófeminnar að tjá sig og standa uppi í hárinu á köllunum þó að hún hafi kannski aldrei kallað sig feministu.

Á þeim árum þegar ég var að alast upp voru þessi mál kraumandi, kvennafrídagurinn og allt í kringum hann. Þá var ég stödd í Reykjavík en fékk ekki að fara niður í bæ og er enn svolítið súr yfir því. Ég held að það sé bæði persónuleikinn og aðstæðurnar í kringum mig sem hafa gert mig að feministu. Ég hef nánast alla tíð skipt mér eitthvað af jafnréttismálum, bæði leynt og ljóst. Ég skrifa stundum femíniska pistla eða kem fram sem Hr. Matthild-

ur, en þann titil tók ég mér þegar umræðan um það hvort starfsheitið ráðherra væri boðlegt konu stóð sem hæst.

Ég gekk í Femínistafélagið strax og það var stofnað. Ég starfaði hér með Kvennalistanum þegar hann bauð fram til bæjarstjórnar hér á Ísafirði þó að ég væri ekki á lista og hafi aldrei verið í framboði. Ég hef ekki áhuga á pólitísku amstri á þann hátt. Ég hef áhuga á pólitík en ég hef ekki áhuga á því að praktisera hana þó að ég hafi vissulega skoðanir á hlutunum.

Það má í raun segja að flest sem ég geri og segi tengist femínisma á einhvern hátt. Ef fólk á annað borð temur sér jafnréttishugsun er hún ekki eitthvað sem það notast ekki við nema stundum. Ég hef tekið þátt í opinberri umræðu um jafnréttismál og það er líklega rauði þráðurinn í mínu lífi.“

Óbeisluð fegurð

„Fyrir nokkrum árum stóð ég fyrir Óbeislaðri fegurð ásamt nokkrum félögum mínum, en það var háðsádeila á fegurðarsamkeppnir og þessa óraunverulegu fegurðarstaðla sem markaðsöflin leggja á okkur mannfólkið. Manneskja en ekki markaðsvara, sögðu rauðsokkurnar í gamla daga, og það er enn í fullu gildi.

Þetta var eitt það skemmtilegasta og lærdómsríkasta sem ég hef tekið þátt í. Sannir femínistar geta að sjálfsögðu ekki hugsað sér að græða á fegurðarsamkeppnum og því fór allur ágóði til styrktar Sólstofum. Það má segja að þessum femíniska gjörningi sé ekki enn lokið því ég hef farið nokkuð víða til að halda fyrirlestra um málið og sýnt heimildamyndina sem gerð var um undirbúninginn og keppnina. Allt frá húsi Sameinuðu þjóðanna í New York til Menntaskólans á Ísafirði. Heimildamyndin sem Hrafnhildur Gunnarsdóttir hjá Krummafilm framleiddi fer væntanlega í sölu og dreifingu í vetur og Sólstafir munu njóta góðs af afrakstrinum sem endranær.“

Fjölskyldan

Eiginmaður Matthildar er Ísfirðingurinn Guðmundur Hjaltason. Þau eiga saman tvö börn, Einar Braga og Birtu, sem eru núna á unglingsaldri. Hann er í Menntaskólanum en hún er að klára Grunnskólann.

„Fyrir átti Gummi tvær stelpur, Heiðu Dögg og Helgu Kristínu, sem báðar eiga börn og föstur börn. Þetta er það sem kallað er teygjufjölskylda og þannig er ég komin með sjö barnabörn þó ég sé ekki orðin 45 ára. Ég segi að þetta séu grædd börn sem maður fær ókeypis inn í lífið og að ég eigi fjögur börn með Gumma en



Ljós­m: Ágúst G. Atlason.

tvö þeirra líka með öðrum konum.

Ég get verið mikil fjölskyldumanneskja og við systkinin hittumst mikið. Við búum öll hér á svæðinu nema einn bróðir sem flutti fyrir nokkrum árum norður á Akureyri. Átakið Börnin heim var mikið í umræðunni hér fyrir nokkrum árum og það er merki­legt að þá bjuggum við öll fimm systkinin hér í Ísafjarðarbæ. For­eldrar okkar hefðu átt að fá viður­kenningu fyrir þetta afrek, skjöld á húsið eða eitthvað álíka.“

Gönguferðir og mósaík

„Til að slaka á og njóta lífsins fer ég gjarnan í góðar gönguferðir og á það jafnvel til að hlaupa. Sérstaklega er gott að hlaupa eða ganga úr sér daglegt stress og

ekki spillir hvað stutt er upp í næsta fjall eða niður í fjöru. Það jafnast fátt á við það að setjast niður og njóta útsýnisins eftir að hafa gengið eða þrilað upp á fjallstopp. Ég sit gjarnan með kaffibollann á grjótgarðinum á bak við Ölduna þar sem ég bý og hugsu mitt. Kalla þennan stað Kaffi Grjót. Snæfjallaströndin blasir við, hvort sem ég sit í grjótinu eða við eldhúsgluggann, og hafið færir mér nýtt málverk á hverjum degi. Á björtum sumar­nóttum kemur sólin upp um klukkan þrjú og þá er varla nokkur leið að slíta sig frá dýrðinni.

Ég var svo lánsöm að fá list­ræna hæfileika í vöggugjöf og þörfin fyrir að skapa eykst með árunum. Fyrir nokkrum árum kynntist ég mósaíklistakonunni Alexandra Argunova og hún

kenndi mér undirstöðuatriðin. Í sumar fór ég að fíkta við að gera mínar eigin glerflísar undir hand­leiðslu glerlistakonunnar Ólafar Davíðsdóttur í Brákarey. Síðan hef ég mölvað flísar og límt. Safna að mér öllum flisum sem ég kem höndum yfir, hvort sem þær eru notaðar eða nýjar. Var til dæmis svo lánsöm að komast yfir gömlu þakflisarnar af Al­þingishúsinu og þær bíða þess að verða að einhverju sérstöku. Það gengur stundum á ýmsu í stofunni heima þegar ég er með stórt mósaíkverk í vinnslu og það brestur á með hljómsveitaræfingu hjá Gumma.

Við þurfum því að koma okkur upp góðri vinnuaðstöðu og dreymir um listhús hér á Ísafirði þar sem listamenn geta haft vinnustofur og aðstöðu.“

Atvinna

Vífilfell á Vestfjörðum óskar eftir að ráða starfsmann / verktaka við vörumóttöku og áfyllingar í Samkaup á Ísafirði og Bónus við Skeiði.

Um er að ræða starf sem fer fram að morgni dags, sex daga vikunnar auk eftirmiðdags á laugardögum. Aðeins stundvísir einstaklingar koma til greina í þetta starf.

Peir sem hafa áhuga á starfinu, vinsamlegast sendi umsókn á netf: haukurt@vifilfell.is.



VÍFILFELL

Vífilfell á Vestfjörðum

Þorsteinn Haukur
Þorsteinsson, svæðisstjóri

Íbúðir eða sumarhús óskast til leigu

SFR-stéttarfélag í almannapjónustu óskar eftir íbúðum eða sumarhúsum á Ísafirði til framleigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2010. Einingis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina og lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra SFR á netfangið dora@sfr.is fyrir 8. janúar næstkomandi. Allar almennar upplýsingar verða að koma fram s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. Myndir eru einnig vel þegnar.

Öllum tilboðum verður svarað.



Til sölu eða leigu

Til sölu eða leigu er Hafnargata 9b í Bolungarvík. Um er að ræða atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum, samtals 580m² að stærð. Eignin er staðsett á blönduðu skipulagssvæði. Gæti hentað til breytinga.



Hafnarstræti 19, Ísafirði
sími 456 3244, fax 456 4547,
netfang: eignir@fsv.is



Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar fullyrðir að ekki standi til að hætta ferðum í Æðey og Vigur á nýju ári.

Ferðir í Æðey og Vigur verða ekki lagðar af

„Málið er í skoðun,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, aðspurður um þá klausu í fréttatilkynningu Vegagerðarinnar að í skoðun sé að leggja af styrktar ferðir í Æðey og Vigur árið 2010. Samningurinn við Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar, sem hafa séð um ferðir til eyjanna tvisvar í viku, rennur út 1. apríl á næsta ári og fyrir þann tíma verður búið að finna lausn, að sögn G.Péturs. „Það sem er í skoðun er að breyta

fyrirkomulaginu á ferðunum. En það kemur ekki til að þær verði lagðar af,“ segir G. Pétur. „Það verður búið að skoða þetta og semja upp á nýtt áður en samningurinn rennur út. Því má fólk treysta,“ segir hann.

Salvar Baldursson, bóndi í Vigur, segir að þar sem ekki sé lengur kúabúi í eyinni sé ekki eins brýnt að hafa ferðir tvisvar í viku, en einhverjar samgöngur verði þó að vera tryggðar. Hann segist hafa verið í sambandi við Vega-

gerðina um málið og þetta hljóti allt að skýrast á næstu vikum.

Guðrún Kristjánsdóttir, annar eigandi sjóferða Hafsteins og Kiddýjar, segist ekkert hafa heyrt frá Vegagerðinni um málið. Hún hafi bara rekið augun í frétt um það í Fréttablaðinu að í skoðun væri að hætta styrktum ferðum. „Þetta hafa ekki verið neinir styrkir,“ segir hún. „Við erum verktakar hjá Vegagerðinni og mér þykir undarlegt að þurfa að lesa um þetta í blöðunum.“

Útsvarsprósentan lækkuð í 13,94% í Bolungarvík

Álag á útsvar í Bolungarvík verður lækkað úr 10% í 5% á árinu 2010. Er það gert samkvæmt samningi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga við bæjarstjórn Bolungarvíkur. Útsvarsprósentan fer því úr 14,61% í 13,94%. Þetta er gert með vísan til þess að fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 hefur gengið eftir. Áætlanir gera ráð fyrir að álagið

falli alfarið niður árið 2011.

Á síðasta ári hækkuðu öll sveitarfélög á Vestfjörðum útsvarið í 13,28% sem er hæsta leyfilega útsvarsprósentan. Bolungarvíkurkaupstaður lagði að auki 10% álag á útsvarið og var því með hæsta útsvarið á landinu.

Útsvarið má vera á bilinu 11,24% til 13,28% og skulu sveitarstjórnir ákveða það á

hverju ári fyrir 1. desember hvert útsvarshlutfallið skuli vera á næsta tekjuári. Í ár 58 sveitarfélög af 79 á landinu útsvarið, en eitt sveitarfélag, Fljótshlíshreppur, lækkaði það milli ára. Þrjú sveitarfélög á landinu lögðu á lágmarksútsvar eða 11,24%, allt fámenn sveitarfélög: Skorradalshreppur, Helgafellssveit og Ása-

– thelma@bb.is

Hyggst auglýsa veiðirétt í Kleifakoti

Sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið hefur sagt upp leigusamningi um ríkisjörðina Kleifakoti í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi sem Súðavíkurhreppur hefur leigt frá árinu 1992. Í bréfi frá ráðuneytinu kemur fram að leigusamningur um jörðina, sem upprunalega var leigð Reykjarfjarðar-

hreppi, framlengdist frá ári til árs nema að annar hvor aðili eða báðir myndu segja honum upp. Um er að ræða ræktað land og veiðirétt.

Á liðnum árum hefur sveitarfélagið ráðstafað veiðirétti í Ísafjarðará til þriðja aðila. Í bréfinu kemur fram að það fyrirkomulag

þygi ekki heppilegt og hyggst ráðuneytið auglýsa veiðiréttinn til leigu á ný. Á hinn bóginn kunna að vera beitarhagsmunir í Kleifakoti sem sveitarfélagið hefur áhuga á að nýta og er ráðuneytið reiðubúið til viðræðna um nýjan samning um slík réttindi.

– thelma@bb.is



Halldór Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Vilja samræmdar aðgerðir

Sveitarstjórnarmenn vilja samræmdar aðgerðir í ljósi þess að staða margra sveitarfélaga í landinu er slæm og um leið afar misjöfn. „Þessi misjafna staða á sinn þátt í því að sveitarstjórnarmenn vilja að sveitarfélög samræmi að einhverju leyti aðgerðir sínar þegar kemur að erfiðum niðurskurði. Verði ekki gripið til samræmdra tímabundinna aðgerða verður sjálfsagt erfiðara fyrir sveitarstjórnarmenn að færa íbúum fregnir af erfiðum aðgerðum, s.s. að loka þurfi litlum skólum eða draga úr þjónustu, eigi slíkar aðgerðir sér ekki stað í næstu sveit,“ seagði á mbl.is. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að of snemmt sé að segja til um heildarstöðu sveitarfélaga þar sem

ekki hafi öll birt fjárhagsáætlun. Þó sé ljóst að tekjur hafi ekki dregist eins mikið saman og óttast var. Á hinn bóginn hafi spá fjármálaráðuneytisins um styrkingu gengisins ekki gengið eftir. Skömmu fyrir jólin 2008 var heimild sveitarfélaga til að leggja á útsvar hækkuð úr 13,03% í 13,28%. Langflest þeirra nýttu sér lagabreytinguna til að hækka útsvarið eins og við var að búast, í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir um fjármál sveitarfélaga. Öll sveitarfélög á Vestfjörðum nýttu sér hæstu leyfilegu útsvarsprósentuna. Bolungarvíkurkaupstaður lagði að auki 10% álag á útsvarið sem þýðir að útsvarið var í raun 14,61% í ár. Önnur sveitarfélög héldu aftur af sér, en nú er ljóst að mörg þeirra hafa

sprungið á limminu. Mjög misjafnt er hvort önnur gjöld hækka. Nokkuð er um að sorphirðugjöld hækki, að sögn Halldórs. Hann bendir á að sorphirðugjöldin eigi að endurspegla raunkostnað sem hafi hækkað griðarlega án þess að gjöldin hafi fylgt eftir. „Við höfum verið að nota aðra fjármuni sveitarfélaga til að greiða niður þessa þjónustu. Það er ótrúlega stutt síðan opnir öskuhaugar voru við hvert sveitarfélag, krakkar að leika sér að kveikja í og elta rottur. Þetta er ekki svona lengur,“ segir hann. Viðræður hafa verið milli sveitarfélaga og menntamálaráðherra um að vikuleg kennsluskýlda verði minnkuð, einkum í eldri bekkjum. Halldór segir að fækkun kennslustunda gæti sparað

sveitarfélögum í landinu á bilinu 900-1.400 milljónir. „Sveitarfélögin kalla eftir þessu. Þau verða að fá eitthvað,“ sagði Halldór. Um síðustu áramót voru skuldir sveitarfélaga 194 milljarðar og voru þá ótaldar lífeyrisskuldbindingar og skuldbindingar utan efnahags. Ljóst er að einstaka sveitarfélög hafa skuldbætt sig of mikið, nánast til óbóta. Á vettvangi sveitarfélaga og samgönguráðuneytisins hefur undanfarið verið rætt um stífari reglur, jafnvel að lántökum sveitarfélaga yrðu settar skorður með lögum. Halldór bendir á að hann og Árni M. Mathiesen þáverandi

fjármálaráðherra hafi, löngu fyrir hrun, ritað undir viljayfirlýsingu um að sveitarfélög setji sér fjármálareglur. Því miður hafi ekki tekist að klára þá vinnu. „Ég tel að fjármálareglur þurfi að setja og fjármálakafla sveitarstjórnarlaganna þurfi að endurskoða frá A til Ö.“ Í fjármálareglum væri t.d. áskilið að sveitarfélög yrðu að vinna með ríkinu í hagstjórn og halda aftur af sér á þenslutímum. Einnig væri hugsanlegt að settar yrðu skorður við því hversu mikið sveitarfélög mættu skuldbinda sig, með tilliti til tekna. – thelma@bb.is

Fallið frá dýpkun Sundanna

Ekki verður farið í dýpkun innsiglingarrennunnar í Sundunum á Ísafirði á næsta ári, en verkið er meðal fjárfestinga sem felldar voru úr fjárhagsáætlun 2010 við fyrri umræðu. Verkið var sett á frest haustið 2008 vegna efnahagsástandsins en framkvæmdin er talin nauðsynleg til að stór skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju við Ásgeirsbakka. Að staðan þar er orðin góð að lokinni nokkurra ára endurbyggingu en stór skip komast ekki að viðlegukantinum vegna þröngrar og grunnrar innsiglingu um Sundin. Stefna átti að því að Ásgeirsbakki

yrði orðinn aðal viðlegukantur skemmtiferðaskipa frá og með árinu 2011. Áætlaður kostnaður við dýpkun innsiglingarrennunnar er 60 milljónir og þar af er hluti ríkis 75%. Móttaka skemmtiferðaskipa er nú þegar orðin talsverður hluti af starfsemi Ísafjarðarhafnar og fer fjöldi skemmtiferðaskipa ört vaxandi. Árið 2007 komu 25 skemmtiferðaskip til hafnar á Ísafirði og þar af þrjú skip stærri en 50.000 brtn. Árið 2008 komu 21 skemmtiferðaskip til hafnar á Ísafirði og þar af tvö skip stærri en 50.000 brt og árið 2009 komu 27 skemmti-

ferðaskip til hafnar á Ísafirði þar af þrjú skip stærri en 50.000 brtn. Árið 2010 eru þegar skráð til hafnar á Ísafirði 25 skemmtiferðaskip og þar af fjögur skip stærri en 50.000 brtn og forskráð á árið 2011 eru þegar þrjú skip að stærð upp undir 100.000 brtn. Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar var einnig fallið frá endurbyggingu löndunarbryggju á Suðureyri sem hljóðar upp á 44 milljónir og borgar ríkið 60% af því. og lagfæringu á olíumúlanum við Ísafjarðarbæ en kostnaður var upphaflega 59 milljónir og er hluti ríkisins 60%.

Kvenfélagið Hlíf eitt hundrað ára

Á næsta ári verður Kvenfélagið Hlíf á Ísafirði 100 ára. Afmælisárið byrjar með umsjón með álfadansinum á þrettándanum, að sögn Önnu Karenar Kristjánsdóttur, formanns félagsins, en í mars er meiningin að gefa út veglegt afmælisrit með ágripi af sögu félagsins og í júní verður sett upp í Safnahúsinu á Ísafirði sögusýning um starfsemi félagsins undir leiðsögn Guðfinnu Hreiðarsdóttur, sagnfræðings. Tvær þriggja manna nefndir starfa að undirbúningnum á vegum

kvenfélagsins, annars vegar sýningarnefndin þar sem Guðfinna Hreiðarsdóttir er í forsvari og hins vegar ritnefnd afmælisblaðsins undir stjórn Jónu Simoníu Bjarnadóttur. Afmælisdagurinn sjálfur er 6. mars og þann 7. mars verður efnt til afmælisamsætis í Edinborgarhúsinu. Menningarráð Vestfjarða styrkti á dögnum Kvenfélagið Hlíf í tilefni afmælisins og verður styrkurinn notaður til að kosta útgáfu afmælisritsins og setja upp sögusýninguna. – fridrika@bb.is

smáar

Til sölu er sófaborð frá Línunni, fataskápur frá Rúmfatalagernum og borðstofuborð og sex stólar, borðstofuskápur og sjónvarpsskápur frá Mexico. Fæst á mjög lágu verði. Upplýsingar í sínum 858 8858 og 895 7121.

Tilsölu er nýleg eldavél. Selst ódyrt. Uppl. í síma 456 7160 eða 867 6567.

Óska eftir notaðri þvottavél, gefins eða mjög ódyrt. Uppl. í síma 898 1588.



Gylfi endurkjörinn formaður

Gylfi Guðmundsson var endurkjörinn formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum á aðalfundi þess á dögunum. Þá var Gunnfríður Magnúsdóttir kjörin ritari og Henryr Bæringssson varaformaður.

Frosti Gunnarsson var kosinn gjaldkeri og Guðbjörg Gísladóttir meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörin Hlynur Aðalsteinsson, Margrét Gunnarsdóttir og Alma Björk Sigurðardóttir.

Fjárfesta fyrir 198 milljónir króna á næsta ári

Rekstur Ísafjarðarbæjar mun skila 244,5 milljónum króna á næsta ári gangi fjárhagsáætlun eftir. Verður sú upphæð nýtt til greiðslu fjárfestinga að upphæð 198,4 milljónum og mismunurinn, 46.122 milljónir, fara til að greiða niður skuldir. Þetta kemur fram í stefnuræðu Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, að lokinni síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2010. Um töluverða hækkun er að ræða frá árinu 2009 á þeirri upphæð sem ætluð er í fjárfestingar en í fyrra drógu bæjaryfirvöld fjárfestingar niður í 33 milljónir króna. Að teknu tilliti til breytinga milli umræðna hækkar framlegð frá rekstri úr 243.392 milljónum í 244.522 milljónir.

Farið var í ýmsar aðgerðir til hagræðingar á árinu sem er að liða. Helstu innkaup voru stöðvuð haustið 2008. Dregið var úr framkvæmdum strax um vorið 2008. Það ár var mikið framkvæmdaár þar sem lokið var við stórverkefnið viðbygging við Grunnskólann á Ísafirði. Mikils aðhalds hefur verið gætt varðandi allan rekstur og fyrirmæli til stjórnenda um að halda aftur af öllum innkaupum sem mögulegt er.

Laun bæjarstjórnar og nefndafólks voru lækkuð í samræmi



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

við lækkun þingfararkaups og fundum fækkað að meðaltali um 30%. Yfirvinna var lækkuð um 10%, samningar um akstur endurskoðaðir og felldir niður í þeim tilvikum þar sem sérstakur bill kemur alfarið í staðinn fyrir notkun starfsmanna á eigin bifreið í þágu Ísafjarðarbæjar.

„Alls staðar er samræming í innkaupum t.d. fær hver skóli úthlutað eftir nemendafjölda fjármagni í alla þá liði sem skólastjórar geta haft áhrif á. t.d. á innkaup á ritföngum, efni til verkgreinakennslu og fl. Minni skólarirnir fengu þó úthlutað um 20 - 30 % hærrí upphæðum en Gl. Misjafnt var milli skóla hvort að

þessi samræming hækkaði eða lækkaði liði þeirra. En sem dæmi þá lækkaði GÖ um rúmlega 700.000 á þessum ákveðnu liðum. Akstur var dreginn saman og er nú gengið út frá því að hver skóli sé sem nemur 60 ferðum á ári milli skólans og Ísafjarðar. Skólaakstur hjá þeim aðilum sem eru eingöngu að aka sínum eigin börnum lækkaður niður í akstursgjald ríkisins,“ segir í stefnuræðu bæjarstjóra.

Við launaáætlanir var gert ráð fyrir lágmarks forföllum og aukatímum s.s. í tengslum við félagsstörf. Helstu lækkanirnar sem eru í launum á fræðslusviði eru í raun að koma inn frá fyrra ári þar

sem lækkunin hófst fyrst og fremst 1. ágúst 2009 á nýju skólaári. Hagrætt hefur verið í rekstri íþróttamannvirkja með því að draga úr opnunartíma og hagræða í starfsmannahaldi. Styrkir til menningarmála o.fl. mála-flokka voru árið 2009 lækkaðir um allt að 50% frá fyrra ári. Samið við HSV um lækkun á framlagi þó þannig að sú hagræðing komi ekki niður á ástundun barna og ungmenna.

Að lokinni síðari umræðu verður endanleg fjárhagsáætlun gefin út með gjaldskrárm, stefnuræðum, efnahagsreikningi og öðrum fylgigögnum.

– *thelma@bb.is*

Erfiðu ári lokið

Stakkur skrifar

Oft er sagt að ekki eigi að gera upp söguna fyrr en atburðir fjarlægjast og nándin verður minni. Liðnir atburðir sjáist þá í skýrara ljósi. Fátt er þó mikilvægara en skrá atburði jafnóðum þannig að mikilvægar staðreyndir glatist ekki. Hvað bar hæst á árinu sem er að liða? Þrjár ríkisstjórnir sátu við völd, fyrst stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, sem verður minnst fyrir hrunið, síðan minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar með stuðningi Framsóknarflokks og loks sama stjórn með þingmeirihluta að baki eftir Alþingiskosningar. Sú kennir sig við norræna velferð. Vinstri stjórn hefur því setið frá 1. febrúar á þessu ári. Allir flokkarnir á Alþingi hafa verið við stjórnvölinn, nema (Borgara)Hreyfingin og Frjálslyndi flokkurinn,sem hvarf af þingi í kosningunum 25. apríl.

Þegar fram í sækir munu margir spyrja hvað hafi verið gert til góðs á árinu. Verkin hafa verið ærin, flókin og yfirgripsmikil og um margt staðið deilur. Skipaður var sérstakur saksóknari til að sækja þá til saka sem hafa framið efnahagsbrot í tengslum við fall bankana á Íslandi í október 2008. Spyrja má hvort ekki hefði verið eðlilegra að styrkja þær stofnanir sem fyrir voru, lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla. Enn á eftir að koma í ljós hver árangurinn verður. Um það spyrja Íslendingar framtíðarinnar. Nú hafa tveir úr neðri lögum bankanna verið dæmdir fyrir kerfissvik. Hvað

verður um hákarlana? Afgreiðslu ábyrgða vegna Icesave rugls Landsbankans er ólokið enn og deilur harðar. Seðlabankinn liggur undir ámæli fyrir kæruleysi á síðustu stigum græðgistímans.

Hvað tekur við á Íslandi? Alþjóða gjaldeyrisjódurinn, sem margir hafa ekki mikið álit á, ræður miklu um framtíð okkar ásamt lyktum Icesave. „Vinir“ okkar á Norðurlöndum segjast vilja hjálpa okkur, en ekki fyrr en íslenska ríkið hefur tekið á sig ábyrgð á Icesave. Meðan ekki er lokið afgreiðslu þess hörmulega erindis verður allt fast. Álit Íslendinga erlendis er lítið og mun ekki vaxa á næstunni. Íslenska þjóðin er í spennutreyju misviturra stjóra Landsbanka. Þeir lögðu til efnið í treyjuna sem stjórnmalamenn vefa í samráði við ríki sem enga samúð hafa með Íslendingum. Sótt hefur verið um inngöngu í Evrópusambandið og um það verður deilt hart. Kvótakerfið skal skorið upp ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Atvinnuleysi hefur vaxið og komið illa niður á mörgum ásamt hækkuðum sköttum á öllum sviðum. Margir sjá ekkert nema svartnættið og nú vantar teikn á himni um eitthvað sem gefur til kynna ljósari tíð. En ekkert sést við sjóndeildarhring.

Við tekur erfitt ár og ekki auðvelt að greina ljós í myrkrinu, En þjóðin hefur lifað af margar þrautir og vonandi gerir hún það án þess að á bresti landflótti. Í barnslegri einfaldni er von lögð á betri tíð. Með þökkum fyrir samfylgdina á liðnu ári og óskir um gleðilegt nýtt ár 2010.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Huga að aukinni umferð

Ferðaþjónustan í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp hefur óskað eftir leyfi Ísafjarðarbæjar til að setja upp söluskála og salernis-aðstöðu og breyta legu á bensin-afgreiðslu í Reykjanesi. Eru framkvæmdirnar hugsaðar til að taka á móti aukinni umferð sem vænta má með tilkomu breytinga sem gerðar hafa verið á Djúpvegi, en ferðaþjónustuaðilar í Reykjanesi hafa tekið eftir aukningu á umferð frá því að Mjóa-fjarðarbrúin var opnuð.

Ísafjarðarbær er landeigandi og er samþykki bæjaryfirvalda forsenda þess að hægt sé að sækja um byggingaleyfi hjá Súðavíkurbreppi. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og hefur vísað því til frekari skoðunar í umhverfisnefnd.

Landsbankinn styrkir barna- og unglingastarf

Landsbankinn og Boltafélag Ísafjarðar hafa undirritað samstarfssamning til tveggja ára um viðtækan stuðning bankans við barna- og unglingastarf á vegum félagsins. Með samningnum verður Landsbankinn áfram einn af aðalstyrktaraðilum Boltafélags Ísafjarðar. Samningurinn felur meðal annars í sér að á hverju ári verður skipulagt sérstakt Landsbankamót í knattspyrnu fyrir yngri aldurshópa. Það voru Svavar Þór Guðmundsson, formaður Boltafélags Ísafjarðar og Inga Á. Karlsdóttir, útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði sem undirrituðu samstarfssamninginn í íþróttahúsinu við Torfnæs.



Svavar Þór Guðmundsson, formaður BÍ, og Inga Á. Karlsdóttir, útibússtjóri Landsbankans undirrituðu samstarfssamning í íþróttahúsinu við Torfnæs.

„Samstarfssamningur við Boltafélag Ísafjarðar er Landsbankanum mikils virði og við hlökkum til að standa þétt að baki einu öflugasta íþróttafélagi bæjarins,“ segir Inga Á. Karlsdóttir. „Við

metum stuðning Landsbankans mjög mikils. Hann mun hafa mikla þýðingu, ekki síst fyrir barna- og unglingastarf,“ segir Svavar Þór Guðmundsson, formaður Boltafélags Ísafjarðar.



Hætta störfum eftir rúm 100 ár

Fjórir starfsmenn Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði voru kvaddir með veglegu kaffisamsæti á sjúkrahúsinu stuttu fyrir jól. Samanlagður starfsaldur þeirra var á annað hundrað ár. Það voru hjúkrunarfræðingarnir Helga Sigurgeirsdóttir og Ingibjörg Sigurlaugsdóttir, læknaritarinn Ásthildur Ólafsdóttir og ræstitæknirinn Guðrún Kristjánsdóttir. Voru þeim færðar gjafir og þökkúð vel unnin störf.



Guðmundur Halldórsson á heiðurinn af þeirri listasmíð sem servanturinn er.

Urðu að smíða servantinn sjálfir

Skátafélagið Einherjar vinnur nú að því að gera upp Skáta-skálann Valhöll í Tungudal. Meðal þess sem gert hefur verið er að innrétta gestahúsið Tígul í gömlum stíl. Vildu Einherjar hafa þar þvottastand, eða servant sem svo er kallaður, sem er nokkurs konar snyrtiborð þar sem vatnskanna og þvottaskál standa. Upphöfu Einherjar mikla leit að slíkum servant, en hann reyndist með öllu ófáanlegur. Gripu þeir þá til þess ráðs að fá Örn Snorra Gíslason til að hanna servant

sem Guðmundur Halldórsson smíðaði síðan. Útkoman er glæsileg eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Ekki tók betra við þegar leit að emaleraðri vatnskönnu og þvottafati hófst. Reyndist slíkt með öllu ófáanlegt og voru Einherjar komnir í samband við breska aðila um að hafa milligöngu um kaupin. Eitt sett fannst þó að lokum í verslun í Árbænum í Reykjavík og er nú servanturinn tilbúinn til notkunar.

– fridrika@bb.is

„Ekki mögulegt að fella niður tengigjöld í núverandi lagaumhverfi“

Vesturverk ehf. hefur krafist þess að raforkulögum verði breytt þannig að Landsnet fái lagalega heimild til að fella niður tengigjald vegna Hvalárvirkjunar. Þetta kemur fram í svari iðnaðar-ráðherra við fyrirspurn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur á Alþingi um endurskoðun raforkulaga. Þar segir að ráðuneytið hafi leitað eftir afstöðu Landsnets til erindis Vesturverks sem benti á að við núverandi lagaumhverfi

telji fyrirtækið ekki mögulegt að fella niður tengigjöld einstakra viðskiptavina vegna þeirra áhrifa sem það hefði á almenna gjaldskrá. Þá er bent á að lagabreytingar í þessu efni kalli augljóslega á aðrar fjármögnunarleiðir, t.d. niðurgreiðslur úr ríkissjóði eða álagningu einhvers konar raforkujöfnunargjalda.

Ráðuneytinu hefur enn fremur borist áskorun frá Ísafjarðarbæ, Fjórðungssambandi Vestfirðinga

og Orkubúi Vestfjarða þar sem þeim eindregnu tilmælum er beint til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því að tengigjöld Hvalárvirkjunar verði greidd úr ríkissjóði.

Ráðherra bendir á að í samræmi við ákvæði raforkulaga er starfandi nefnd til að endurskoða raforkulögin. Þeirri endurskoðun á að ljúka fyrir 31. desember 2010. Erindi Vesturverks hefur verið kynnt nefndinni og mun

hún taka afstöðu til þess hvort lagðar verði til breytingar á 8. mgr. 12. gr. sem og öðrum greinum raforkulaga. Þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir verður tekin afstaða til þeirra.

Að auki benti ráðherra á að skipaður hefur verið ráðgjafahópur til að fara yfir fyrirbyggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum. Hópnun er jafnframt falið að leggja mat á það til hvaða

aðgerða þurfi að gripa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða með tilliti til möguleika svæðisins til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og fjalla um mismunandi möguleika á að nýta raforku til atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum á næstu árum. Hópnun er falið að skila ráðherra greinargerð fyrir lok ársins en honum ber í störfum sínum að hafa samráð við sveitarfélög á Vestfjörðum.

– thelma@bb.is

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið bb@bb.is ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Annar vestfirski áhugaljósmyndarinn til að sýna ljósmynd eftir sig er Ágúst G. Atlason á Ísafirði.



Ísafjörður: „Þann 12. desember 2008 bankaði Jón Björnsson upp á hjá okkur Nínu, alveg stjörnuvitlaus, því þá var tunglið nær jörðu en það verður næstu 6000 eða 60.000 árin (spyrjið Jón ef nákvæmnin skiptir máli). Mikill rosa-baugur fylgdi með. Ég hljóp út í frostið og gleymdi bæði yfirhöfnum og þrífæti. Ég náði samt þökkalega óhreyfðri mynd með því að kasta mér í Túngötuna, sem veitti mér stuðning, í tæpar tvær sekúndur meðan myndatakan fór fram. Myndin var tekin á nýju fínu Canon-vélina mína sem Nína var nýbúin að gefa mér í afmælisgjöf. Myndin var tekin 12.12, kl. 22:23:21.“

Allir geta lært að lifa með sykursýki

Stefán Pálsson er ungur og efnilegur íþróttamaður. Hann hefur bæði látið að sér kveða í hlaupum og á skíðum. Þegar Stefán var sautján ára greindist hann með sykursýki. Hann hefur þó ekki látið það aftra sér að vera með ólæknanlegan sjúkdóm og heldur ótrauður áfram í íþróttum samhliða námi við Menntaskólann á Ísafirði.

„Ég hef æft skíði síðan veturinn 1999-2000 og hef samhliða því verið að hlaupa, en samt aðallega á sumrin og haustin. Ég hef tekið þátt í Óshliðarhlaupinu, Vesturgötunni og Reykjavíkurmaraþoninu. Það síðastnefnda hefur undanfarin ár verið það sem maður stefndi að áður en skíðin tóku yfir á haustin. Núna er ég reyndar ekki að æfa skíðin að ráði en er að þjálfa krakka 9-12 ára hjá Skíðafélagi Ísfirðinga. Ég æfi svo bara fyrir mig, svo sér maður til seinna í vetur hvort maður keppi um Íslandsmeistaratitil eða ekki. Ég ætla samt að taka þátt í næsta landsmóti því að þetta er síðasta árið þar sem ég get keppt í unglingsaflokki þar sem ég er 19 ára.“

– Hefurðu alltaf verið mikið í íþróttum?

„Já, alltaf, ég æfði fótbolta þeg-

ar ég var lítill og upp á síðkastið hef ég verið í handbolta. Var nú reyndar ekkert að æfa handbolta af viti en það var gaman að vera með og fíflast með hinum. En annars hef ég ekki verið að æfa neitt að ráði nema skíði og hlaup. Ég hef þó mikinn áhuga á flestum íþróttum og hef stundað þær að einhverju leyti.“

– Setur sykursýkin ekkert strík í reikninginn hvað varðar íþróttaiðkun þína?

„Ég greindist í lok nóvember 2007 og þá breyttist allt. Ég þarf að huga vel að því hvernig ég undirbý mig fyrir keppni og hvernig keppnin sjálf muni reyna á mig. Maður þarf að huga að blóðsykri því ef ég fæ sykurfall gæti það haft áhrif á árangur, einnig ef ég er of hár í sykri fyrir og í keppni. Maður þarf því að vera vel undirbúinn og hafa til staðar orkudrykk sem ég get fengið mér á meðan á keppni stendur ef mér fer að líða eitthvað undarlega.“

Þetta var erfitt fyrsta mánuðinn á meðan ég var að venjast þessu en þetta verður sífellt auðveldara.

Ég greindist í nóvember og um áramótin á eftir fór ég í skíðaferðalag út til Noregs. Þar lærði ég að mestu leyti hvernig ég ætti

að höndla þetta. Þá sá ég um þetta með aðstoð fararstjóranna. En svo lærist þetta bara með tímanum. Ég gat ekki hugsað mér að hætta í íþróttum enda var ég bara sautján ára og alveg á fullu á skíðunum. Maður þurfti því bara að læra á þetta til að geta haldið áfram.“

Ekki til lækning

– Hvernig voru viðbrögð þín við því að greinast með alvarlegan sjúkdóm svona ungur?

„Það breytti mjög miklu, það er erfitt þegar maður er á þessum aldri og allir í kringum mann að borða og drekka það sem þá langar í og maður getur það ekki. En það venst. Ég er búinn að lifa með sykursýki í tvö ár og búinn að venjast því, svona verður bara lífið og maður verður bara að taka því.“

Rosalega margir vita ekkert hvað sykursýki er, hvernig sjúkdómurinn virkar og af hverju fólk fær sykursýki. Fyrst eftir að ég greindist var ég alltaf að svara spurningum í skólanum um þetta. En sannleikurinn er sá að það er ekki vitað af hverju þetta stafar og því er ekki til lækning við sjúkdómnum. Kannski finnst læk-

ing eftir einhver ár en maður verður bara að bíða og sjá hvað gerist.

Sykursýki er sá sjúkdómur þar sem einna hröðustu framfarirnar í læknavísindum fara fram. Fyrir ekki svo mörgum árum þurftu þeir sem voru með sykursýki að notast við venjulegar sprautur en í dag er þetta orðið mun þægilegra og boðið upp á penna og dælur eins og ég er með. Ég stilli dæluna eftir því hversu mikinn skammt ég vil og hún sér um að sprauta mig á klukkutíma fresti. Maður er því ekki eins heftur og í byrjun þegar ég þurfti að vera með penna og stóra tösku með pennum og nálum meðferðis. Og hver veit nema einhvern daginn þurfi maður bara að taka eina pillu eða hafa staut inni í sér sem virkar sjálfkrafa.“

Stoppa ekki lífið að greinast með sykursýki

Stefán þarf að gæta vel að öllu sem hann innbyrðir.

„Það stoppar ekkert lífið að greinast með sykursýki, það geta allir lært að lifa með þessu. Auðvitað breyttist allt og ég þurfti algjörlega að breyta mataræðinu. Nú tel ég hversu mikið magn af

kolvetni ég borða en ég þarf að sprauta mig með insúlíni á móti kolvetninu. Mataræðið hefur nú eiginlega bara breyst til góðs. Maður hætti að borða ruslmat, gos og nammi og þess háttar. Ég drekk bara kristal, sóðavatn og zero gosdrykki. Þegar maður er orðinn vanur þessu skiptir það engu. Ég borðaði heldur ekki það mikið nammi að það hefði nein rosaleg áhrif.“

„Það er nánast kolvetni í öllu, til að mynda er brauð nánast eingöngu kolvetni. Þegar líkaminn innbyrðir kolvetni breytir hann því í sykur sem hækkar blóðsykurinn og ég þarf því að sprauta mig með insúlíni til að vega upp á móti því.“

Matarvenjur heimilisins hafa færst til betri vegar í kjölfar sjúkdómsgreiningar Stefáns.

„Mataræðið breyttist að einhverju leyti hjá fjölskyldunni, við hættum til dæmis að mestu að borða hvítt brauð þar sem gróft brauð hefur mun betri áhrif á blóðsykurinn. Auðvitað getur mataræði heimilisins ekki eingöngu stjórnað af mér en það er tekið tillit til þess að ég get ekki borðað hvað sem er.“

Hömlur á mataræðinu komu þó ekki í veg fyrir að Stefán

Hátíðarmatseðill

Sælkeri vikunnar býður upp á sannkallaða hátíðarmáltíð. Í forrétt er rækjukokteill með suðrænum blæ. Fylltar villisveppa kalkúnabringur með villisveppasósu og rjómasoðinni seljurót og sætar kartöflum er í aðalrétt og loks er Skyr Polo í eftirrétt.

Suðrænn Rækjukokteill
Foréttur fyrir 4
200 g stórar rækjur
2 msk saxaður coriander
1 msk chili
1 þroskaður mangó (skorinn í teninga)
100 g spinat saxað

Dressing
1 lime og borkur
1 ds sýrður 10%
Salt og nýmulinn pipar

Rækjukokteill aðferð: Blandið saman limesafa, berki og sýrðum rjóma. Kryddið með salti og nýmuldum svörtum pipar. Hellið dressingunni yfir rækjukokteilinn skreytið með limesneið og mangóteningum.
Dressing aðferð: Blandið saman limesafa, berki og sýrðum rjóma. Kryddið með salti og nýmuldum svörtum pipar. Hellið dressingunni yfir rækjukokteilinn skreytið með limesneið og

mangóteningum. Þíðið rækjurnar og blandið saman við mangóteninga, koriander, spinat og chilli og setjið í glas.

Fylltar villisveppa kalkúnabringur
Fyrir 4
1 kg kalkúnabringu
20 korn mulinn grænn pipar

Sælkerinn

Fylling:
20 þurrkaðir villisveppir
100 g sveppir
1 msk smjör
1 villisveppaostur steypdur
1 egg
2 dl brauðrasp
100 g pekanhnetur
Salt og pipar


Villisveppaostasósa
250 g saxaðir sveppir
50 g smjör
100 g fint saxaður laukur
3 dl kjúklingasoð
125 rjómaostur með svörtum pipar
1 villisveppaostur steypdur
5 dl rjómi

Rjómasoðin seljurót og sætar kartöflur

400 g seljurót
300 g sætar kartöflur
1 peli rjómi
2 tsk þurrkað timjan
Salt og nýmulinn svartur pipar

Kalkúnn aðferð: Setjið villisveppina í bleyti í sjóðandi vatn.

Látið standa í 15 mínútur, veiðið sveppina upp úr vatninu og saxið fint ásamt sveppunum. Steikið sveppina á pönnu í smjörinu og setjið í skál. Rifíð niður villisveppaostinn og blandið saman við kælda sveppina, setjið saman við restina af hráefnunum og hrærið vel saman. Skerið í hliðina á kalkúnabringunni svo að myndist vasi, setjið fyllinguna í með skeið og brúnið bringurnar á pönnu. Setjið á grind og kryddið með salti, pipar og grænum pipar. Steikið við 130°C á blæstri í 45-50 mínútur.
Sósa aðferð:Steikið sveppina og laukinn í smjörinu, bætið við kjúklingasoðinu og rjómanum.



Sælkeri vikunnar er Sigríður Gunnsteinsdóttir á Ísafirði.

Skerið ostinn í bita og bræðið í sósunni við vægan hita, þykkið að vild.
Sætar kartöflur aðferð: Skerið seljurót og sætar kartöflur í teninga. Setjið í eldfast mót kryddið með timjan, salti og pipar. Hellið rjómanum yfir og bakið við 150°C í u.þ.b. 35 mínútur.

Skyr Polo eftirréttur
Botn
8 stk Prins Polo (6-8 stk)
2 dl sterkt
Expressókaffi

Fylling:
400 g rjómaostur
200 g cappuchinoskyr
150 g hvítt súkkulaði

100 g flórsykur
2 msk koniak eða góður kaffilikkjör
2 eggjarauður

Aðferð: Raðið prins polo í form og bleytið í með expressokaffinu. Hrærið saman rjómaosti, cappuchinoskyri, sykri og eggjarauðum. Bræðið súkkulaðið og blandið koniaki eða kaffilíkjör saman við hrærið saman og bætið loks varlega í rjómaostblönduna. Setjið blönduna yfir prins pólóid og kælið. Stráíð kakói yfir og rifnu hvítu súkkulaði áður en kaka er borinn fram.

Ég skora á Sædís Ingvarsdóttur á Ísafirði að vera næsta sælkeri vikunnar.

spreytti sig á inntökuprófi í svo-kallaðan KG-klúbb og var hann annar þeirra sem stóðust þrekaunina.

„Mig langaði bara til að prófa þetta. Ég mun þó ekki gera þetta aftur, það er alveg pottþétt. Ekki nema ég prófi eitthvað annað kjöt, ekki lambakjöt. Ég hef þó heyrt að nautakjöt sé enn erfiðara og þyngra í magann. Þetta var mikið erfiðara en ég bjóst við en hafðist. Síðustu bitarnir voru ansi erfiðir og vildu ekki fara niður kokið. En þetta slapp alveg og maður var frekar saddur daginn eftir, ég hafði enga lyst.“
– Hafði átið ekki áhrif á sykursýkina?
„Nei, þar sem það er ekki kolvetni í kjöti þá ruglaði þetta ekki blóðsykurinn.“

Léttist um sjö kíló á viku

– Hvernig kom það í ljós að þú værir með sykursýki?
„Mánudí áður en ég var greindur var ég frekar veikur, alltaf slappur og þreyttur. Í um 20-30 daga pissaði ég á klukkutíma fresti allan sólarhringinn. Ég léttist um sjö kíló á einni viku og við vissum ekkert hvað væri að gerast. Ég fór til læknis sem tók blóðprufu og fékk svo símtal þar sem mér var sagt að ég væri með sykursýki og þyrfti að leggjast

inn á sjúkrahús. Þá vissi ég ekkert hvað sykursýki var. Ég vissi bara að það væri slæmt en ekkert hvað í því fælist. Ég vissi ekki hvort ég þyrfti að hætta í íþróttum og tók þessu mjög illa. Það tekur tíma að venjast þessu.“

Eftir tvö ár hefur Stefán náð góðum tókum á sjúkdómnum og lætur það ekkert aftra sér, hvort heldur sem það er í íþróttum eða námi.

„Ég var að klára sveinsprófið og útskrifast sem húsasmiður um jólin en svo klára ég stúdentsprófið eftir áramót. Svo er óvíst hvað ég tek mér fyrir hendur. Það er svo margt sem mann langar til að læra að erfitt er að velja á milli. Ætli næsta önn fari ekki í að skoða framboðið og velja hvað ég ætla að gera.“

– Ætlaðu að halda áfram í íþróttum?

„Já, ég er mjög mikið í íþróttum og fer í Stúdíóið allavega þrisvar í viku auk þess sem ég er að hlaupa og á línuskautum þess á milli. Maður lætur ekkert sykursýkina stoppa sig enda er hreyfing hluti af því að hafa sjúkdóminn viðráðanlegan. Að einhverju leyti hefur það því hjálpað mér að vera í íþróttum.“

– *thelma@bb.is*

Stefán Pálsson er ungur og efnilegur íþróttamaður. Þegar hann var sautján ára greindist hann með sykursýki.





Gleðilega hátíð!

VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu
samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NA **NORÐURÁL**
Century ALUMINUM